



Lagt fram á upplýsingafundi hjá Sýslumanninum á/í _____ dags. _____

Foreldrar þurfa að panta sameiginlegan upplýsingafund hjá sýslumanni í því umdæmi sem barn býr.
Fundur verður haldinn eftir 1. janúar 2022. Óskað er eftir að foreldrar fylli út þetta eyðublað og komi með á upplýsingafund hjá sýslumanni.
Samningur verður undirritaður í viðurvist sýslumanns á upplýsingafundi.

Við foreldrarnir viljum gera samning um skipta búsetu barns / barna:**Foreldri:**

Foreldri:		
Fullt nafn:	Kennitala:	Sími:
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sveitarfélag:

Foreldri:

Foreldri:		
Fullt nafn:	Kennitala:	Sími:
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sveitarfélag:

Almennar upplýsingar:

Við foreldrarnir erum með sameiginlega forsjá. Meðfylgjandi er vottorð um forsjá barns/barna, útgefið af Þjóðskrá Íslands. Sameiginleg forsjá er skv. samningi / dómsátt dags. Sameiginleg forsjá er skv. dómi uppkveðnum:
Við búum ekki saman. Við vorum í hjónabandi / sambúð. Lok hjónabands / sambúðar voru: Við höfum ekki búið saman.

Forsendur skiptrar búsetu barns / barna:

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns og búa ekki saman, geta samið um að hafa skipta búsetu barns. Forsendur þess að semja um skipta búsetu eru þær að foreldrar geti komið sér saman um atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins og að búsetu foreldra sé þannig háttáð að barnið sækji einn skóla eða leikskóla og eigi frjálstan og greiðan aðgang að samfelldu tómstundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum.

Upplýsingar foreldra er varða forsendur skiptrar búsetu barns / barna:

Við foreldrarnir getum komið okkur saman um atriði sem snúa að umönnun og uppeldi barnsins / barnanna.
Við foreldrarnir munum taka sameiginlega meiri háttar ákvarðanir og afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins / barnanna.
Barnið / börnin munu sækja einn skóla eða leikskóla frá báðum heimilum. Vegalengd milli heimila: _____ km.
Barnið / börnin munu eiga greiðan aðgang að samfelldu tómstundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum.
Ákvörðun okkar foreldranna um skipta búsetu er byggð á mati okkar á hagsmunum og þörfum barnsins / barnanna.



Ef samið er um skipta búsetu barns skulu foreldrar ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga lögheimili og hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga búsetuheimili hér á landi.

Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns, telst barnið hafa fasta búsetu hjá þeim báðum. Lögheimili og búsetuheimili barns er skráð í Þjóðskrá.

Tilgreinið hér barn / börn sem um ræðir og hvort foreldrið verður með lögheimili og búsetuheimili:

Nafn barns:	Nafn foreldris með lögheimili barns:
Kennitala:	Nafn foreldris með búsetuheimili barns:
Nafn barns:	Nafn foreldris með lögheimili barns:
Kennitala:	Nafn foreldris með búsetuheimili barns:
Nafn barns:	Nafn foreldris með lögheimili barns:
Kennitala:	Nafn foreldris með búsetuheimili barns:
Nafn barns:	Nafn foreldris með lögheimili barns:
Kennitala:	Nafn foreldris með búsetuheimili barns:

Búseta barns / barna á lögheimili og búsetuheimili:

Gert er ráð fyrir að búsetan sé **nokkurn veginn jöfn** og að börn búi **hjá foreldrum til skiptis**, þegar foreldrar semja um skipta búsetu.

Lýsið því hér hvernig fyrirkomulagi skiptrar búsetu barns verður háttáð á báðum heimilum barnsins. Gerið grein fyrir hvernig barn/börn eigi aðgang að skóla/leikskóla tómstundum/frístundum frá hvoru heimili fyrir sig.

Framfærsla:

Báðir foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart barni sínu. Foreldrum ber að tryggja að réttur barns til framfærslu frá báðum foreldrum sé virtur. Samkomulag foreldra um hvernig þau skipta með sér framfærslu barns er forsenda þess að semja um skipta búsetu. Við gerð samnings um skipta búsetu barns fellur niður eldri ákvörðun um meðlag. (Samningur, úrskurður, dómsátt eða dómur um meðlag.) Foreldrar með skipta búsetu hafa ekki aðgang að milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu meðlags.

Við foreldrarnir erum sammála um skiptingu á framfærslu barnsins / barnanna.

Nánari lýsing foreldra á samkomulagi um skiptingu framfærslu barns / barna. (Valkvætt)**Gögn og upplýsingar:**

Við meðferð málsins þarf sýslumaður að kynna sér gögn fyrri mála hjá sýslumanni / sýslumönnum er kunna að varða barnið / börnin. Einnig er nauðsynlegt að upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um forsjá, lögheimili og búsetu barns liggi fyrir. Ef sýslumaður telur þörf á að foreldrar leggi fram frekari gögn, mun verða upplýst um það. Sýslumaður getur einnig aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur vegna málsins. Foreldrum mun verða tilkynnt um það ef sýslumaður hyggst afla gagna vegna málsins.

Meðfylgjandi gögn:



	Vottorðs um forsjá verður aflað rafrænt hjá Þjóðskrá Íslands www.skra.is og framsent til sýslumanns.
	Skriflegur samningur okkar um skipta búsetu og tilhögun hennar. (Ef við á).
	Annað (ef við á)

Framangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt okkar bestu vitund.

Við undirrituð gerum hér með samning um skipta búsetu barns / barna svo sem greinir hér að ofan.

Sýslumaður hefur leiðbeint okkur um réttaráhrif skiptrar búsetu. Við höfum kynnt okkur þær upplýsingar sem gefnar eru á þessu eyðublaði.

Við óskum eftir að samningur þessi verði staðfestur af sýslumanni, þannig að hann öðlist gildi.

Samningurinn er undirritaður í viðurvist sýslumanns

Dagsetning	Dagsetning
Nafn foreldris	Nafn foreldris
Undirritun foreldris (hjá sýslumanni)	Undirritun foreldris (hjá sýslumanni)

Undirritað í viðurvist minni:

Dagsetning	Dagsetning
Undirritun sýslumanns og embættisstimpill	Undirritun sýslumanns og embættisstimpill



Skipt búseta barns

Foreldrar sem vilja gera samning um skipta búsetu barns, geta pantað upplýsingafund hjá sýslumanni sem mun fara fram eftir 1. janúar 2022.

Skipt búseta barns er samningur foreldra með sameiginlega forsjá um að barn hafi fasta búsetu hjá þeim báðum. Í þjóðskrá verður barnið skráð með lögheimili hjá öðru foreldrinu og skráð búsetuheimili hjá hinu. Samningur um skipta búsetu er gerður hjá sýslumanni, einnig er hægt að gera dómsátt um skipta búsetu. Unnt er að tímabinda samning um skipta búsetu til minnst sex mánaða.

Lög sem heimila skipta búsetu barns, [lög 28/2021](#) um breytingu á [barnalögum 76/2003](#), taka gildi 1. janúar 2022. Markmið laganna er að stuðla að sátt og jafnari stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum. Samningur um skipta búsetu skal ávallt taka mið af því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Ef foreldrar eru í vafa hvort skipt búseta sé barni þeirra fyrir bestu, er vakin athygli á ráðgjöf sveitarfélaganna sem er sérstaklega ætluð foreldrum sem ekki búa saman og kallast Samvinna eftir skilnað. Sjá vefsíðuna [www.samvinnaeftirskilnað.is](#). Foreldrar geta einnig haft samband við sýslumenn og óskað leiðbeininga og upplýsinga um skipta búsetu. Sjá nánar um þjónustu sýslumanna á vefsíðunni [www.syslumenn.is](#).

Skilyrði skiptrar búsetu barns

Hagsmunir barns

Allar ákvarðanir foreldra um búsetu barns verða fyrst og fremst að taka mið af því sem barni er fyrir bestu. Foreldrar sem semja um skipta búsetu barns verða meðal annars að meta hvort fyrirkomulagið á við með hliðsjón af aldri og þroska barns, stöðugleika í lífi þess og áhrif á þroskavænlegar uppeldisaðstæður barnsins. Þá er mikilvægt að foreldrar virði afstöðu barnsins í samræmi við aldur og þroska.

Lögheimili og búsetuheimili

Barnið á áfram eitt lögheimili en verður skráð í þjóðskrá með búsetu hjá báðum foreldrum, þ.e. annað heimilið er lögheimili og hitt er búsetuheimili barnsins. Búseta barns þarf ekki að vera nákvæmlega jöfn á báðum heimilum, en almennt er gert ráð fyrir því að barn búi til skiptis hjá foreldrum, álíka mikið hjá hvoru þeirra.

Nálægð heimila

Ferðir barnsins til að sækja skóla, leikskóla, reglubundið frístunda- og tómstundastarf og sinna öðru félagslífi þurfa að vera mögulegar án þessa að raska samfellu í daglegu lífi barnsins. Við mat á þessu atriði skal hafa hagsmuni og þarfir barns í fyrirrámi. Af þessum sökum þurfa heimili foreldra að vera nálægt hvort öðru. Gert er ráð fyrir að foreldrar búi í sama sveitarfélagi og eftir atvikum í sama skólahverfi. Búseta foreldra í sama sveitarfélagi er ekki skilyrðislaus krafa heldur kann í einhverjum tilvikum að vera um nærliggjandi sveitarfélög að ræða.

Samstarf og sameiginlegar ákvarðanir

Foreldrar sem semja um skipta búsetu barns, verða að geta unnið saman í málum er varða barnið. Foreldrar þurfa að miðla upplýsingum sín á milli, eiga virkt samstarf og samskipti um öll atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins. Gott samstarf lýsir sér í jafnræði milli foreldra sem sýna hvort öðru sveigjanleika í samskiptum, gagnkvæma virðingu og traust. Foreldrar verða að vera færir um að taka í sameiningu ákvarðanir er varða barnið. Foreldrar verða meðal annars að taka í sameiningu ákvarðanir um flutning lögheimilis eða búsetuheimilis barns, val á skóla og reglubundnum tómstundum barnsins, heilbrigðisþjónustu fyrir barnið og útfærslu á búsetu barns á báðum heimilum og hvernig framfærslu barns verði háttáð. Foreldrar sem hafa samið um skipta búsetu barns geta ekki óskað úrskurðar sýslumanns, svo sem um umgengni eða meðlag.

Ef samskipti foreldra einkennast af ágreiningi og togstreitu og þau geta ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um ákvarðanir sem þarf að taka vegna barnsins, eru ekki skilyrði fyrir skiptri búsetu.

Áhrif af samningi um skipta búsetu barns

Eftir gerð samnings um skipta búsetu er barn með fasta búsetu hjá báðum foreldrum sínum. Í þjóðskrá verður skráð lögheimili hjá öðru foreldrinu og búsetuheimili hjá hinu.

Foreldrar eru eftir sem áður báðir framfærsluskyld við barn sitt, en haga framfærslunni samkvæmt sínu samkomulagi.

Við gildistöku samnings um skipta búsetu barns fellur niður samningur, úrskurður, dómsátt eða dómur sem kann að liggja fyrir um umgengni og meðlag.

Ekki er hægt að leggja fram hjá sýslumanni beiðni um úrskurð um umgengni, dagsektir, meðlag, utanlandsferð barns á meðan samningur um skipta búsetu er í gildi. Foreldrar sem hafa samið um skipta búsetu geta ekki óskað þess að sýslumaður staðfesti samning um umgengni, sérstök útgjöld eða meðlag.



Foreldrar sem hafa samið um skipta búsetu taka sameiginlega ákvarðanir varðandi barn. Á meðan samningur um skipta búsetu er í gildi hefur hvorugt foreldra meiri rétt en hitt til að taka afgerandi ákvarðanir varðandi daglegt líf barns.

Barnabætur og vaxtabætur

Þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu, ákvarðast barnabætur til hvors foreldris fyrir sig í samræmi við fjölskyldustöðu í árslok og aldur barns og takmarkast við helming af útreiknuðum barnabótum, eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar hjá hvoru fyrir sig. Þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu, ákvarðast vaxtagjöld þeirra og vaxtabætur líkt og hjá einstæðum foreldrum.

Málsmeðferð sýslumanns

Upplýsingafundur

Foreldrar sem óska eftir skiptri búsetu panta tíma fyrir upplýsingafund hjá sýslumanni í því umdæmi sem barn býr. Á fundinum verður m.a. fjallað um foreldrasamvinnu, tilhögun búsetu, afstöðu barns, einnig leiðbeint um réttaráhrif samnings um skipta búsetu. Foreldrar undirrita samning sinn um skipta búsetu barns á upplýsingafundi, í viðurvist sýslumanns. Foreldrar sem óska skiptrar búsetu þurfa sameiginlega að leggja slíkt erindi fram hjá sýslumanni. Annað foreldrið getur ekki lagt beiðnina fram.

Frekari gagnaöflun

Sýslumaður getur ákveðið að bjóða barninu viðtal til að tjá sig um málið áður en ákvörðun um staðfestingu samnings er tekin. Þá getur sýslumaður lagt fyrir foreldra að afla ganga eða aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf er á frekari upplýsingum. Sýslumaður getur boðið foreldrum þjónustu sérfræðings í málefnum barna ef til álita kemur að synja um staðfestingu samnings.

Málsmeðferðartími

Ef nægilegar upplýsingar koma fram á upplýsingafundi, geta foreldrar vænst þess að sýslumaður staðfesti samninginn innan fimm virkra daga frá fundinum. Málsmeðferðartími verður lengri ef þörf er frekari gagnaöflunar eða viðtala.

Staðfesting sýslumanns á samningi um skipta búsetu

Samningur foreldra um skipta búsetu tekur gildi þegar sýslumaður staðfestir hann. Staðfestingarskjal er sent foreldrum í pósthólf þeirra á www.island.is. Sýslumaður tilkynnir Þjóðskrá Íslands um að samningurinn hafi verið staðfestur.

Sýslumaður hafnar að staðfesta samning um skipta búsetu

Ef samningur um skipta búsetu er andstæður hag og þörfum barns eða í andstöðu við lög, synjar sýslumaður um staðfestingu samningsins, með rökstuddum úrskurði. Úrskurður sýslumanns er kæránlegur til dómsmálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Rafræn samskipti

Öll bréf til foreldra vegna málsins eru send þeim í pósthólf þeirra hjá www.island.is.

Brottfall samnings um skipta búsetu barns

Ef annað foreldrið, eða bæði, telja forsendur brostnar fyrir skiptri búsetu, senda þau um það tilkynningu til sýslumanns. Sýslumaður býður þeim leiðbeiningar vegna brottfalls skiptrar búsetu. Sýslumaður getur einnig boðið foreldrum þjónustu sérfræðings í málefnum barna. Eyðublað fyrir tilkynningu um brottfall skiptrar búsetu er á vefsíðu sýslumanna.

Sýslumaður staðfestir að skipt búseta hafi fallið niður. Tilkynning um það er send Þjóðskrá Íslands.

Eftir brottfall samnings um skipta búsetu, er barnið áfram með lögheimili hjá því foreldri sem það hefur skráð lögheimili hjá, nema foreldrar séu sammála um annað. Skráning á búsetuheimili í Þjóðskrá fellur niður.

Samningur um skipta búsetu fellur úr gildi ef annað foreldri flytur úr landi.

Skipt búseta fellur úr gildi ef annað foreldri höfðar dómsmál á hendur hinu um forsjá eða lögheimili barnsins.

Skipt búseta fellur úr gildi ef foreldrar sem eru skilin að borði og sæng, taka upp sambúð að nýju.

Eftir að skipt búseta hefur fallið úr gildi, þurfa foreldrar að taka afstöðu til framfærslu og umgengni. Foreldrar geta gert samninga og óskað staðfestingar hjá sýslumanni og geta einnig óskað úrskurðar sýslumanns. Fyrri samningar eða aðrar ákvarðanir sem höfðu fallið niður við skipta búsetu, rakna ekki sjálfkrafa við ef skipt búseta fellur niður.